



Fréttatilkynning frá
skrifstofu forseta Íslands

FORSETI ÍSLANDS FER TIL WACKEN Í ÞÝSKALANDI

Forseti Íslands, Guðni Th. Jóhannesson, heldur á morgun til Þýskalands þar sem hann er heiðursgestur á tónlistarhátíðinni Wacken Open Air sem fram fer dagana 2.–5. ágúst. Hátíðin er sú stærsta í heimi meðal viðburða þar sem þungarokk er í forgrunni og hefur hún verið haldin árlega frá árinu 1990.

Að þessu sinni spila fjórar íslenskar hljómsveitir á hátíðinni og eru það Skálmöld, Sólstafir, The Vintage Caravan og Krownest. Íslendingar hafa aldrei átt jafnmarga fulltrúa á Wacken Open Air og af því tilefni buðu skipuleggjendur forseta að sækja hátíðina sem heiðursgestur.

Forseta verður fylgt um hátíðarsvæðið þar sem hann fylgist með tónleikum íslensku hljómsveitanna auk annarra tónlistarmanna og ræðir við þá baksviðs. Þá tekur forseti þátt í pallborðsumræðum ásamt skipuleggjendum Wacken þar sem rætt verður um þungarokkssenuna á Íslandi og tengsl hennar við norrænan menningararf.

Forseti kemur aftur til Íslands á sunnudag.

3. ágúst 2023

Nánari upplýsingar veita skrifstofa forseta Íslands (540 4400) og Una Sighvatsdóttir, sérfræðingur á skrifstofu forseta (895 8885).